

114
30. des.

L Ö G

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til 1. febrúar 1950 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1949, öll venjuleg rekstrarútgjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákvæðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

115
30. des.

L Ö G

um framlengingu heimilda í l. nr. 92 29. des. 1948, um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimildir þær, sem veittar eru í 1. gr. laga nr. 92 29. des. 1948, töluliðum 1—6 og 8—13, skulu vera í gildi á árinu 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.